

147
3. des.

þeim sem verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt á milli hinna nýju hreppa þannig að Rosmhvalanesshreppur hljóti og beri af þeim tvo hluti en Miðnesshreppur einn, og eptir sama hlutfalli skal fara um sveitarþyngsli, er síðar kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, er hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undireins og amtmaður hefir ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi fyrir sig, samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar og hinar nýju hreppsnefndir þareptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, og verði ágreiningur útaf skiptingunni skal skoríð úr honum af sýslunefndinni.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðþéiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er engin breyting gjörð á Rosmhvalanessþinghá, hvorki sem manntalsþinghá nje sem dómpinghá.

148
29. des.

Brjef landshöfðingja til landfógeta um hallærislán handa Barðastrandarsýslu. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi Barðastrandarsýslu með venjulegum kjörum allt að 2600 kr. lán úr landssjóði til að afstýra hallæri í sýslunni á þessum vetri.

149
30. des.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramntinu og vesturamntinu um skatt af húsum í verzlunarstöðum. — Í brjefi, dags. 10. þ. m., sem hingað kom beina leið, hefir hinn setti sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu getið þess, að síðan húsaskattslögin 14. desbr. 1877 öðluðust gildi, hafi þeirri reglu verið fylgt í nefndri sýslu, að heimta ekki skatt af húsum, sem notuð sjeu við ábúð á jörð, er metin sje til dýrleika, án tillits til þess, hvort húsið sje í verzlunarstað eða ekki, en af því að hann álíti, að þetta komi í bága við 1. gr. nefndra laga, þarsem skilyrðislaust sje boðið að greiða skatt af öllum húseignum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, þá hafi hann hugsað sjer að fyrirskipa virðing á þeim af slíkum húseignum, er eigi hafi áður verið virtar, og innheimta síðan skatt af þeim, en óskar þó áður staðfestingar á þessum skilningi sínum á húsaskattslögunum.

Fyrir því vil jeg hjermeð biðja yður, herra amtmaður, að tjá nefndum sýslumanni, að jeg álít ofangreindan skilning hans á húsaskattslögunum rjettan.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1886 og 1887.

10. gr. C. 4.

Samkvæmt tillögum amtmannsins yfir norður- og austuramntinu fyrir hönd amtsráðsins þar, var af þeim 1550 kr., sem getur um í Stj.tíð. 1886 B, bls. 123, skipt 1527 kr. milli 25 búnaðar- og framfarafjelaga í amntinu sem hjer segir: